

Fundargerð

Stjórnarfundur nr. 106

26. október 2020

Stjórn Menntaskóla Borgarfjarðar kom saman til fjarfundar fimmtudaginn 26. október 2020 kl. 8:30. Mættir: Inga Dóra Halldórsdóttir, Flosi Sigurðsson, Helena Guttormsdóttir, Helgi Haukur Hauksson, Sigursteinn Sigurðsson, Sveinbjörn Einarsson (varamaður Hrefnu B. Jónsdóttur sem boðaði forföll) og Bragi Þór Svavarsson skólameistari.

Fundargerð ritaði Sigursteinn Sigurðsson

1. Næstu skref í MB.

Skólameistari upplýsir stjórn um næstu skref í MB. Starfandi er hópur starfsfólks innan skólans um næstu skref og uppbyggingu á skólastarfi. Rætt var um náms- og leiðsagnamat – Vörður. Framundan eru breytingar á fyrirkomulagi stundarskrár en 2 x 40 mínútna kennslustundir falla niður en 1 x 60 mínútna teknar upp í þeirra stað. Þá verða vinnustofudagar einu sinni í viku, en markmiðið með þeim er að efla samstarf á milli kennara innbyrðis og nemenda.

Rætt um áætlanir er snúa að því að auka á notagildi rýmisins í kjallaranum sem verður vinnurými. Stefnt er að því að rýmið verði tilbúið til notkunar um áramót.

Skólameistari kynnir áætlanir um samstarf við menntastofnanir og atvinnulífið og aðilar þaðan kenni einstaka áfanga með tengingu við sínar starfsgreinar. Stefnt er að fyrstu áfangarnir, með þessu sniði, verði kenndir á vorönn 2021.

Rætt um reglubundinn rekstur MB og tækniinnleiðingar varðandi bókhald.

2. Áskoranir á tímum COVID.

Skólameistari fór yfir stöðu mála í skugga Covid19 og hvernig skólastarfið hefur gengið í öðrum bylgjum faraldursins.

Rætt var um þátttöku nemenda í kennslukönnunum og aðferðir til að auka þátttökuna. Nú er til skoðunar að endurskoða kennslukerfi skólans og hvort hægt sé að nota tæknina betur til að hvetja nemendur til að taka þátt.

Aðsókn í sálfræðiþjónustu hefur ekki aukist í faraldrinum, en aðsókn hefur aukist í þjónustu námsráðgjafa. Enn sem komið er hefur enginn nemandi skráð sig formlega úr námi síðan kennsla hófst á haustönn.



MENNTASKÓLI BORGARFJARÐAR

3. Starfsmannamál.

Skólameistari fer yfir starfsmannamál MB. Skólameistara falið að taka saman yfirlit um fjölda stöðugilda og starfshlutfall kennara og annara starfsmanna í MB og leggja fram á næsta fundi stjórnar.

4. Önnur mál

Vegna aðstæðna eru samþykktum fundargerða fyrri funda og undirritun frestað þar til fundarhöld verða með eðlilegu sniði.

Fleira var ekki gert og fundi slitið klukkan 10:00. Næsti fundur er boðaður þann 10. desember klukkan 16:00.